Laufblaðið

FRÉTTABLAÐ SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

17. árg. 2008 1. tbl.

Samstarfssamningur um menntun og rannsóknir

Stefnumótun Skógræktarfélags Íslands

Skógrækt í Grundarfirði

Vinsælt útivistarsvæði í nágrenni Vatnajökuls

Fræðaþing Landbúnaðarháskólans

Útivistarsvæði í Esju

Græni stígurinn

Austurheiðar Reykjavíkur, útþensla byggðar ógnar skógar- og vatnsverndarsvæðum

Ferð til Kamtsjatka

Vetur konungur

Skjólbelti á skíðasvæðum

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar og 100 ára afmæli bæjarins

Landgræðsluátak við Grunnuvötn

Námskeið Björns Jónssonar

Barnahornið

Gönguferðir á höfuðborgarsvæðinu

Opin hús – fræðslufundir

Skógræktarfélags Íslands

Félagsskírteini

Samstarfssamningur

Eitt af þeim verkefnum sem Skógræktarfélag Íslands hefur ætíð lagt ríka áherslu á er fræðslu- og menntunarþátturinn. Það er því mikið fagnaðarefni að nú hefur verið undirritaður samningur milli Landbúnaðarháskóla Íslands, Skógræktar ríkisins, Garðyrkjufélags Íslands og Skógræktarfélags Íslands um aukna fræðslu og menntun á sviði garðyrkju, trjáræktar, skógræktar og umhverfisskipulags í þágu áhugafólks og almennings. Ætlunin er að stuðla að auknum rannsóknum og þróunarvinnu á þessum sviðum auk þess að stefna að auknum skilningi og áhuga á skógrækt og garðyrkju og framförum í stoðgreinum ræktunar. Fyrirhugað er að leita til annarra aðila um þátttöku í samstarfsverkefnum sem falla að markmiðum samningsins.

Meðal þess sem felst í samstarfinu eru námskeið þar sem símenntun og endurmenntun verða í brennidepli auk fjármögnunar og framkvæmda rannsókna og þróunarvinnu. Garðyrkjufélagið og Skógræktarfélagið munu styrkja eitt rannsóknarverkefni á ári.

Samstarfssamningurinn var undirritaður á skrifstofu Skógræktarfélagsins í Reykjavík miðvikudaginn 27. febrúar. Þeir sem undirrituð samningin voru Ágúst Sigurðsson rektor Landbúnaðarháskólans, Vilhjálmur Lúðvíksson formaður Garðyrkjufélagsins, Jón Loftsson skógræktarstjóri og Magnús Gunnarsson formaður Skógræktarfélagsins.

Undirritun landgræðslusamnings

Miðvikudaginn 27. febrúar sl. undirrituðu Magnús Gunnarsson formaður Skógræktarfélags Íslands og Þröstur Ólafsson formaður Skógræktarfélags Reykjavíkur samning um ræktun landgræðsluskóga umhverfis Grunnuvötn í Vífilsstaðalandi. Landsvæðið er hluti spildu sem stjórnarnefnd Ríkisspítalanna afhenti Skógræktarfélagi Reykjavíkur árið 1957 til friðunar og ræktunar til 99 ára. Myndarlegir trjálundir hafa vaxið upp á undanförnum áratugum í Vífilsstaðahlíð en nú er ætlunin að taka lítt gróið land umhverfis Grunnuvötn til ræktunar. Þetta er mjög áhugavert verkefni og stefnt er að því að gróðursetja að minnsta kosti 50.000 trjáplöntur næsta sumar. Verkefnið er hluti átaks um landgræðsluskóga sem Skógræktarfélag Íslands stofnaði til 1990. Markmiðið er að landið muni nýtast til frambúðar sem útivistarsvæði fyrir almenning, enda sækja margir þéttbýlisbúar í skógarsvæðin í Heiðmörk.



Á myndinni sjást Þröstur Ólafsson og Magnús Gunnarsson undirrita samninginn. – Mynd R.F.



Vetrarstillurnar skapa töfrandi samspil þegar sólin leikur um himininn.

Vetur konungur

Vetur konungur hefur óvænt látið á sér kræla. Það sýnir hvað við erum fljót að gleyma en undanfarin ár hafa vetur verið mildir og snjóalög lítil. Eftir nokkuð linnulausar rigningar fram undir jól tók að snjóa í flestum landshlutum í janúar. En eins og oft er raunin var veigunum misskipt eftir svæðum. Það verður að fara nokkur ár aftur til í tímann til að bera saman stórviðri, frosthörkur og snjóa sem leikið hafa um landsmenn í byrjun árs. En hvernig kemst trjágróður og skógar landsins af við þessar aðstæður. Því er til að svara að yfirleitt eru tré vel undirbúin að takast á við vetrarveðrin. Þau liggja í dvala og kæra sig kollótt. Mildir og hlýir vetur geta hins vegar verið varasamari, það hefur reynslan kennt okkur. Stormar eða ofsaveður eins og gerði þann 8. febrúar sl. geta haft umtalsverð áhrif á trjágróður það þekkjum við af fréttum frá nágrannaþjóðum okkar. Árið 1999 gekk mikið ofsaveður yfir Sviss og austur Frakkland. Mestu vindhviður sem mældust voru yfir 60 m/sek og því fyrrnefnd veður hjá okkur ekki alveg eins svæsin. Í ferð Skógræktarfélags Íslands til Sviss síðasta haust sáum við að enn er verið að glíma við afleiðingar Lothars en það nafn fékk þessi veðurofsi. Það sem Svisslendingar lærðu er að blandskógar lauf- og barrtrjáa eru stöðurgri og þola ofsaveður af þessu tagi margfalt betur en einsleitur greniskógur sem varð verst úti. Hér á landi er enn sem komið er lítið um trjágróður, skógar fáir og smáir og afar lítið um stórvaxin tré, enda sáralítil tjón orðið í stórveðrum hvað sem gerist í framtíðinni. Við ættum því að læra af reynslu annarra þjóða og taka til fyrirmyndar sem talið er gefast vel í þessum efnum. Svo urðu hér frost nokkuð hörð bæði í lok janúar og byrjun febrúar og fór all víða í mínus 20 gráður. Yfir þessu gleðst skógræktarfólk gjarnan þar sem sitkalúsin, sá smái skaðveldur, þolir ekki mikið undir mínus 13 gráðum. En alltaf lifir nú lúsin af einhversstaðar og nýtir tækifærin þegar þau gefast á ný. Snjóalög hafa ekki verið mikil og ekki útlit fyrir skaða af þeirra völdum en þrátt fyrir það er snjór og snjókoma líklega verstu óvinir trjánna hér á landi þó að ekki sé til um það nein tölfræði. Það er staðreynd að hér er snjór oft mjög blautur og þungur og þá geta skaðarnir orðið miklir. Ekki þarf að fara langt aftur til að rekja mikið snjóbrot á birkiskógi á Vöglum og skógum á Fljótsdalshéraði. Þá hefur það löngum verið vandamál í minni skógarreitum hve miklar snjódyngjur safnast í jöðrum, svo metrum skiptir. Þegar þiðnar á vorin sligast og brotna trén undan farginu. Allt leitar jafnvægis um síðir og oft er furðufljótt að fenna yfir afleiðingar svona skakkafalla. Vetur konungur getur því oft verið brögðóttur en oftast fer samspil skóga og veturs vel að lokum og ekkert jafnast á við fallegt vetrarveður á góðum degi í grænum lundi.

Skógræktargöngur á höfuðborgarsvæðinu í sumar

Skógræktarfélögin á höfuðborgarsvæðinu munu halda skógargöngur í sumar. Göngurnar verða á fimmtudögum, hefjast kl. 20:00 og taka um tvo tíma.

5. júní Skógræktarfélag Mosfellsbæjar
12. júní Skógræktarfélag Reykjavíkur
19. júní Skógræktarfélag Kópavogs
26. júní Skógræktarfélag Garðabæjar
3. júlí Skógræktarfélag Kjalarness

Upphafsstaðir og annað fyrirkomulag verður kynnt nánar þegar nær dregur.

Laufblaðið

Fréttablað, 17. árgangur 1. tölublað 2008.
Laufblaðið er sent endurgjaldslaust til allra félagsmanna í skógræktarfélögunum.
Með því að gerast félagsmaður í skógræktarfélagi færð þú Laufblaðið og Frækornin send heim reglulega.

Útgefandi:
Skógræktarfélag Íslands
Skúlatúni 6, 105 Reykjavík
sími: 551-8150
heimasíða: www.skog.is

Ritstjóri:
Jónatan Garðarsson
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:
Ragnhildur Freysteinsdóttir umhverfisfræðingur.

Ábyrgðarmaður:
Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri.

Umbrot og prentun:
Ísafoldarprentsmiðja.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands kjörin á aðalfundi 2007:
Magnús Gunnarsson formaður,
Ólafía Jakobsdóttir varaformaður,
Guðbrandur Brynjúlfsson gjaldkeri,
Þorvaldur S. Þorvaldsson ritari.

Meðstjórnendur:
Aðalsteinn Sigurgeirsson,
Jónína Stefánsdóttir,
Þuríður Yngvadóttir.

Varamenn:
Sigrún Stefánsdóttir,
Páll Ingþór Kristinsson,
Vilhjálmur Lúðvíksson.

SKÓGRÆKT RÍKISINS

AÐEINS ALDARGÖMUL

... og rétt að byrja

Eftirtaldir hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

BÚSTAÐA SMIÐJAN
Syðri Brú • 801 Selfoss • Sími 486 1001 • GSM 860 8066 & 862 0512
www.bustadasmidjan.is • Netfang: bustadasmidjan@simnet.is

KS

SPARISJÓÐURINN

Þingeyjarsveit

Eftirtalin fyrirtæki eru aðalstyrktaraðilar Skógræktarfélags Íslands

HÚSASMIÐJAN
www.husa.is

POKASJÓÐUR

spron
– fyrir allt sem þú ert

TOYOTA

Melabúðin
Þín verslun

já

blómaval
heillandi heimur

AVANT

olís
OLÍUVERZLUN ÍSLANDS HF

Skógræktarfélag Mosfellsbæjar
Grundartanga 1

KAUPÞING

Ræktaðu þína eigin kryddjurtir

Bókin er ríkulega myndskreytt með skýrum leiðbeiningum - gerir kryddjurtarækt að leik einum!

Ræktað kryddað kokkað

Handbók um ræktun á kryddjurtum
Höfundur: Magnús Jónasson skrúðgarðyrkjufræðing

Allt sem þú þarft að vita um ræktun, meðhöndlun og notkun á kryddjurtum. Þetta er handbók allra þeirra sem vilja rækta sitt eigið gæðakrydd – hvort sem er út í garði, á svölunum, í gróðurskálanum eða innandyra. Í bókinni er t.d. grunnfróðleikur um ræktun og notkun á kryddjurtum, orðabók, notagildi kryddjurta í mat, **hvernig búa má til kryddolíur og kryddedik**. Myndir eru af öllum þeim kryddjurtum sem hægt er að rækta hér á landi eða nota sem kryddjurt.

Bókin er ríkulega myndskreytt með aðgengilegum töflum og auðveldum skýringatáknum. Í seinni hluta bókarinnar er fjöldi spennandi uppskrifta frá starfandi matreiðslumeisturum.
Ræktað – Kryddað – Kokkað er ómissandi handbók fyrir alla sælkera og áhugafólk um matargerð og hollustu.

Verð kr. 3.990.-
Þitt verð kr. 2.990.-

„Byrjendur í ræktun, sem og aðrir, ættu ekki að láta þessa bók fram hjá sér fara."
Helga Steingrímsdóttir Garðyrkjufræðingur Garðheimum

„Bók sem vísar veginn allt frá fræi um kryddjurtarækt yfir í notkun og matreislu jurtanna á aðgengilegan hátt."
Guðmundur Vernharðsson Garðyrkjufræðingur

Það veitir ómælda ánægju að rækta sínar eigin kryddjurtir, sækja uppáhaldskryddið sitt alveg ferskt og nota það síðan í réttinn. Nú er lag að láta draum sinn rætast og útbúa sinn eigin kryddgarð hvort sem er í garðinum, á svölunum eða í glugga-kistunni.



Í bókinni er t.d. töflur um notagild kryddjurta í mat.

Sala og dreifing:
Pjaxi ehf
Sími: 565 9320

Svona líta hlíðarnar undir Eggjum út núna.

Útivistarsvæði í Esju

Skriðan mikla sunnan í Esju sem blasir við höfuðborgarbúum undir Eggjum milli Langahryggs og Kistufells telst með stærri berghlaupum hér á landi. Hvort hún hefur fallið öll í einu er óvíst, en líklegt er að gljúfur hafi verið í fjallinu fast við Kistufellið og Kollafjarðará runnið á svipuðum slóðum og nú og Gunnlaugsskarð fyrir botni gljúfursins. Ekkert er vitað um þann Gunnlaug sem skarðið er kennt við, en snjó festir jafnan í skarðinu og var algengt áður fyrr að fannir héldust þar árið um kring. Á seinni árum myndast þar einn frægasti skafl landsins sem bráðnar alveg í lok sumars og rekja menn það til hlýnunar andrúmsloftsins.

Berghlaup eru mörg hér á landi og flest talin hafa fallið eftir að jöklar tóku að hopa fyrir 10.000 árum. Fallhæð berghlaupsins í Kollafirði er um 700 metrar, hlauplengdin 2600 metrar, hlauphornið 13 gráður, flatarmál um 1,8 ferkílómetri og ruðningsmagn áætlað um 50 milljón rúmmetrar.

Berghlaupið, frá sjávarmáli og upp undir kletta Þverfells, er í landi jarðanna Kollafjarðar og Mógilsár, sem eru ríkisjarðir. Niðri á sléttlendinu eru nokkur einbýlishús og bústaðir, en langt er síðan hefðbundinn búskapur lagðist þarna af. Skógrækt ríkisins er sem kunnugt er með tilraunastöð á Mógilsá og hófst þar starfsemi fyrir rúmum fjörutíu árum. Fiskeldi var lengi stundað í landi Kollafjarðar, en það er nú lagt af.

Árið 2000 tók Skógræktarfélag Reykjavíkur jarðirnar á leigu í 25 ár að undanskildu landinu næst tilraunastöðinni. Tilgangurinn er að byggja upp skógræktar- og útivistarsvæði og hefur verið unnið markvisst að því undanfarin ár með styrk margra fyrirtækja og stofnana.

Stígurinn frá bílastæðinu við Kollafjörð upp á Þverfellshorn í um 740 metra hæð er fjölfarnasti fjallastígur landsins. Skógræktarfélagið hefur unnið að uppsetningu skilta og endurbótum á stígnum, vatnsrásir hafa verið grafnar við hlið stígsins og vatni veitt í gegnum hann, kantar styrktir, steintröppur hlaðnar og yfirborðslagi dreift yfir neðsta hluta hans. Hitann og þungann af þeim framkvæmdum hefur hópur sjálfboðaliða frá British Volunteers borið, en hann kemur hingað fyrir milligöngu Umhverfisstofnunar. Síðastliðið sumar tókst að lagfæra stíginn upp að brúnni yfir Mógilsá, sem er í rúmlega tvöhundruð metra hæð. Næsta sumar er fyrirhugað að halda áfram, bæta aðkomu að brúnni og stíginn sem leið liggur að Steininum undir Þverfellshorni. Þá liggur land undir skemmdum í Einarsmýri vegna mikils ágangs og verður brugðist við því.

Skógræktarfélag Kjalarness hóf gróðursetningu trjáa við Mógilsá á 6. áratugnum og er þar nú trjásafn sem fyrirhugað er að stækka. Mikið var sett niður eftir að tilraunastöðin tók til starfa og á seinni árum hefur Skógræktarfélag Reykjavíkur gróðursett þar hátt í 100.000 tré, mest birki og sitkagreni. Á næstu árum verður haldið áfram að gróðursetja og gera ræktunarmenn sér vonir um að innan fárra ára verði berghlaupið mikla allt skógi vaxið.

Kristján Bjarnason,
Skógræktarfélagi Reykjavíkur

Svona munu Esjuhlíðar líta út þegar búið verður að rækta skóg í skriðunni undir Eggjum.

Fræðaþing landbúnaðarins 2008

Hið árlega Fræðaþing landbúnaðarins var haldið dagana 7.-8. febrúar. Að venju var viðfangsefni þingsins fjölbreytt. Eftir sameiginlega dagskrá við upphaf þings voru haldnar málstofur um hin fjölbreytilegustu afmörkuðu efni og þar á meðal var ein málstofa um skógrækt.

Í skógræktarmálstofunni voru flutt margvísleg áhugaverð erindi. Jón Loftsson skógræktarstjóri fór stuttlega yfir 100 ára sögu skógræktar á Íslandi og fjallaði svo um horfurnar fyrir næstu 100 ár. Ekki er von á öðru en að skógrækt eigi sér bjarta framtíð hér á landi, þótt vissulega séu enn vandamál, eins og ásókn í land skógræktar, sérstaklega við eða nálægt þéttbýli.

Aðalsteinn Sigurgeirsson skoðaði skógrækt á Íslandi í samanburði við skóga og skógrækt í Evrópu. Gaman var að sjá að hlutfallsleg aukning skógar er mest á Íslandi í allri Evrópu, sem þó er almennt að ganga í gegnum stækkun skóglendis. Að vísu stafar þessi háa hlutfallslega aukning af því hversu lítið flatarmál skóga var hér til að byrja með, en ef litið er beint á flatarmál erum við nú frekar neðarlega á lista í Evrópu. Það var samt ánægjulegt að sjá Ísland efst á lista fyrir skógrækt!

Þorbergur Hjalti Jónsson fjallaði um yndisarð skógræktar, þ.e. hið peningalega verðmæti sem felst í upplifun fólks af, eða ásókn í, skóga og skógi vaxið land, og hversu hátt það verð þyrfti að vera til að skógrækt eingöngu til yndisauka væri arðvænleg fjárfesting.

Því næst voru þrjú erindi um niðurstöður rannsókna. Edda S. Oddsdóttir fjallaði um mordýr (sem eru smádýr er lifa í jarðvegi) og áhrif skógræktar á þau, sérstaklega hvað trjátegundir og aldur skóga varðar. Brynja Hrafnkelsdóttir fjallaði um svepprót og áhrif skógræktar með lerki og birki á hana, en sérstaklega var horft til langtímaáhrifa með því að skoða skógarreiti af misjöfnum aldri og gerð. Loks fjallaði Jón Ágúst Jónsson um rannsókn á áhrifum grisjunar og áburðar á vöxt asparskógar og kolefnisbindingu í jarðvegi.

Seinastur tók til máls Björn Traustason, sem fjallaði um stærð skóglendis á Íslandi byggt á svokallaðri CORINE flokkun (Coordination of Information on the Environment), sem er samhæfð flokkun á landgerðum fyrir flest ríki Evrópu. Samkvæmt henni telst skógur þekja um 1,5% af Íslandi, að mestu leyti birkiskógar og kjarr.

Veður setti nokkurn svip á Fræðaþingið, en snjókoma og hvassviðri gerði það að verkum að ófært var af Suðurlandi og Vesturlandi fyrri daginn og komust því færri á þingið en vildu þann daginn. Var því brugðið á það ráð að senda beint út á Netinu frá hluta þingsins, til að koma til móts við þá sem ekki komust.

Stefnumótun Skógræktarfélags Íslands 2007-2015

Á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands sem haldinn var á Egilsstöðum dagana 17. til 19. ágúst 2007 var samþykkt metnaðarfull stefnumótum til næstu 8 ára. Þar er dregin upp skýr mynd af hlutverki og framtíðarsýn félagsins til 2015.

Meginhlutverk Skógræktarfélags Íslands er að efla ræktun skóga í almannaþágu og stuðla að hverskonar land- og náttúruvernd. Þessu vill félagið ná fram með því að:

a) Efla og styrkja almenna fræðslu um gildi skógræktar og rétt almennings til nýtingar skóga.
b) Hvetja til og stuðla að skipulagðri jarðvegs- og gróðurvernd, skógrækt og nýtingu skóga til útivistar og eflingar lýðheislu.
c) Efla samstarf við ríki og sveitarfélög um skógrækt í almannaþágu.
d) Stuðla að aukinni þátttöku fyrirtækja og einstaklinga í skógrækt.

Nokkrir áhersluþættir:

Skógræktarfélag Íslands er málsvari og sameiginlegur vettvangur skógræktarfélaganna í landinu. Þessir aðilar sameinast um að koma markmiðunum í framkvæmd. Skógarsvæði sem félögin bera ábyrgð á eru um 300 og spanna um 20.000 ha. Aðildarfélögin eru 61 talsins og heildarfjöldi félaga um 7.500. Stefnt er að tvöföldun félagsmanna til ársins 2015 og aukinni vitund um mikilvægi skógræktar í landinu. Meðal áhersluþátta er samstarf við leik- og grunnskóla til að uppfræða börn og ungmenni um umhverfismál, áhrif skógræktar á landgæði, búsetuskilyrði og heilsu.

Skógræktarfélag Íslands er eitt af öflugustu umhverfissamtökum landsins og leggur áherslu á að vinna í sátt við umhverfi og náttúru og auka landgæði og velferð landsmanna. Stefnt er að aukningu skógræktar á tímabilinu með samningum við sveitarfélög, virkri þátttöku í skipulagi grænna svæða í byggð ásamt uppgræðslu og endurheimt landgæða utan þéttbýlis. Unnið verði að aukinni samvinnu við fyrirtæki, hópa og einstaklinga sem vilja leggja sitt af mörkum við gróðursetningu, umhirðu, grisjun og viðhald ræktunarsvæða.

Áhersla er lögð á að auka og bæta aðgengi almennings í skógum landsins. Stuðlað verði að bættri velferð, lýðheilsu, samveru og fræðslu. Spornað verði við loftslagsbreytingum með aukinni skógrækt og bindingu kolefnis í gróðri. Möguleikarnir á að auka skógarþekju og endurheimta landgæði og horfna skóga eru miklir. Aukinn trjágróður spornar við svifryks- og hljóðmengun, bætir búsetuskilyrði og getur dregið úr vindstrengjum og veðurfarslegum áhrifum á umhverfið.

Nauðsynlegt er að vinna að heildstæðum skógræktarlögum því núverandi lög eru að grunni til frá 1955 og ekki lengur í takti við tímann. Skýra þarf stöðu útivistar- og þéttbýlisskóga, festa í sessi hlutverk trjágróðurs innan sem utan byggðar og efla virðingu fyrir lögum um búfjárhald og fjallskil.

Mikilvægt er að ræktun útivistarskóga njóti opinbers stuðnings og verði hluti af opinberri stefnumörkun stjórnvalda um skógrækt til jafns við nytjaskóga. Félagsmenn hugi að leiðum til að fræða og efla áhuga á skógrækt, takist á við breyttar áherslur og viðhorf í þjóðfélaginu og þrói ný verkefni á sviði skógræktar, landgræðslu og rannsókna. Öruggur og ábyrgur fjárhagur verði hafður að leiðarljósi og vörður staðinn um eignir og hagsmuni félaganna á hverjum tíma.

Lögð er áhersla á skipulagða þekkingaröflun, vistun hennar og miðlun til félagsmanna og annarra aðila. Fræðslustarfsemi á breiðum grunni mun áfram verða mikilvægur hlekkur í starfsemi skógræktarhreyfingarinnar í landinu. Þar hafa starfsmenn Skógræktarfélags Ísland og einstakra félaga auk sjálfboðaliða mikilvægu hlutverki að gegna.

Félagsskírteini skógræktarfélaganna

Skógræktarfélag Íslands gefur út félagsskírteini sem ættu að vera komin til forsvarsmanna allra skógræktarfélaga sem sjá um að senda þau á félagsmenn sína. Félagsskírteinið veitir m.a. afslátt hjá ræktunartengdum fyrirtækjum og full ástæða til að nýta þann kaupauka sem það veitir. Eitt fyrirtæki bættist í hópinn eftir að skírteinið var gefið, en það er Garðplöntustöðin Nátthagi í Ölfusi.

Á síðasta ári bættist við Hópakort Olís, sem veitir félagsmönnum margvíslegan afslátt í verslunum Olís, en auk þess greiðir Olís Skógræktarfélagi Íslands ákveðna prósentu af veltu viðskiptanna.

Ef félagsmenn telja að misbrestur eða tafir hafi orðið á því að skírteini hafi borist er viðkomandi bent á að hafa samband við forsvarsmenn viðkomandi aðildarfélaga eða að hafa samband á skrifstofu Skógræktarfélags Íslands í síma 551-8150 eða á netfangið **skog@skog.is**

Barnahornið



Krakkar!
Hjálpið skógarbirninum að rata í gegnum völundarhúsið svo hann fái páskaeggin.

Skógrækt áhugamannsins - námskeið fyrir áhugafólk sem vill ná árangri í ræktunarstarfinu

Björn Jónsson, fyrrverandi skólastjóri, hefur um árabil haldið vinsæl námskeið fyrir áhugafólk, sem enginn ræktunarmaður er vill ná árangri ætti að láta fram hjá sér fara. Þetta er hagnýtt og fræðandi námskeið, þar sem farið er yfir alla helstu þætti skógræktarstarfsins, en námskeiðið er sniðið að þörfum áhugamannsins og ætti t.d. að nýtast sumarhúsaeigendum vel. Allir þátttakendur fá mjög eiguleg námskeiðsgögn.

Námskeiðið er haldið í Reykjavík, Skúlatúni 6, þar sem Skógræktarfélag Íslands er til húsa, dagana 7. og 8. maí, kl. 20:00-22:30.

Námskeiðið tekur tvö kvöld og kostar kr. 10.000 á mann, en 6.500 fyrir félagsmenn í skógræktarfélagi og innifelur það ítarleg námskeiðsgögn og kaffi. Veittur er 20% hjónaafsláttur. Þátttakendafjöldi er takmarkaður. Skráning fer fram á skrifstofu félagsins í síma 551-8150 eða á skog@skog.is.

Eftirtaldir aðilar hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

Reykjavík

Alþýðusamband Íslands, www.asi.is, Sætúni 1
ARGOS ehf - Arkitektastofa Grétars og Stefáns, Eyjarslóð 9
Athygli ehf, Síðumúla 1
Árni Reynisson ehf, Laugavegi 170
Ásbjörn Ólafsson ehf, Skútuvogi 11a
Bifreiðaverstæðið, Skeifan 17
Bílaleigan AKA, Vagnhöfða 25
Bílamálun Halldórs Þ Nikulássonar, Funahöfða 3
Bílasmiðurinn hf, Bíldshöfða 16
Björgun ehf, Sævarhöfða 33
Blómagallerí ehf, Hagamel 67
Bókhaldsþjónusta Gunnars ehf, Ármúla 1
Byggingafélag Gylfa og Gunnars ehf, Borgartúni 31
Dreifing ehf, Vatnagörðum 8
E.T. ehf, Klettagörðum 11
Efling stéttarfélag, Sætúni 1
Endurvinnslan hf, Knarrarvogi 4
Ernst & Young hf, Borgartúni 30
Eyrir fjárfestingafélag ehf, Skólavörðustíg 13
Fasteignamarkaðurinn ehf, Óðinsgötu 4
Félag íslenskra hljómlistarmanna, Rauðagerði 27
Fjárfestingafélagið
Gaumur ehf, Suðurlandsbraut 48
Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Ármúla 14
G Hannesson ehf, Borgartúni 23
G.H., Bíldshöfða 14
Garðmenn ehf, Skipasundi 83
Garðsauki ehf, Neshömrum 5
Garðyrkjuþjónustan ehf, Skipholti 29b
GB Tjónaviðgerðir ehf, Draghálsi 6-8
Guðmundur Jónasson ehf, Borgartúni 34
HGK ehf, Laugavegi 13
Hilmar D. Ólafsson ehf, Eldshöfða 14
Hilti ehf, Stórhöfða 37
Hrafnistuheimilin, Hafnarfirði og Reykjavík
Húsasmiðurinn ehf, Hyrjarhöfða 6
Hvíta húsið hf, auglýsingastofa, Brautarholti 8
Höfði fasteignamiðlun ehf, Suðurlandsbraut 20, og Bæjarhrauni 22
Iðntré ehf, Draghálsi 10
Innheimtustofnun sveitarfélaga, Lágmúla 9
Innnes ehf, Fossaleyni 21
Ísól ehf, Ármúla 17
Kjaran ehf, Síðumúla 12-14
Klapparholt ehf, Esjugrund 68
KPMG hf, Borgartúni 27
Landvernd, Skúlatúni 6
Laugarnesskóli, Kirkjuteigi 24
Lindin, kristið útvarp FM 102,9, Krókhálsi 4
Lífland, Korngörðum 5
Lífstykkjabúðin ehf, Laugavegi 82
Mentis hf, Borgartún 29
Merkismenn ehf, Ármúla 36
Moldarblandan - Gæðamold hf, Vagnhöfða 25
Múr- og málningarþjónustan Höfn ehf, Réttarhálsi 2
Nexus afþreying ehf, Hverfisgötu 103
NM ehf, Brautarholti 10
Nói-Síríus hf, Hesthálsi 2-4
Ottó B. Arnar ehf, Skipholt 17
Rafsvið sf, Haukshólum 9
Rafteikning hf, Suðurlandsbraut 4
Rarik ohf, Bíldshöfða 9
Ráðhús Reykjavíkur, Ráðhúsinu
Ríkisendurskoðun, Skúlagötu 57
Samiðn, Borgartúni 30
Samson eignarhaldsfélag ehf, Sigtúni 42
Saxhóll ehf, Nóatúni 17
Skalli við Vesturlandsveg, Grjóthálsi 8
Skúlason og Jónsson ehf, Skútuvogi 6
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs, Skógarhlíð 14
Snurfus slf almennar bílaviðgerðir, Katrínarlind 3
SORPA, Gufunesi
Stanislas Bohic garðhönnun, Grettisgötu 22
Subway, Austurstræti 3
Sveinbjörn Sigurðsson hf, Smiðshöfða 7
Sökkull ehf, Funahöfða 9
Tannálfur sf, Þingholtsstræti 11
Tanngo ehf - Tannlæknastofan
Gunnars Rósarsonar, Vegmúla 2
Tannréttingastofa Guðrúnar Ólafsdóttur, Snorrabraut 29
Tónsport ehf, Lágmúla 4
Trésmiðjan Jari ehf, Funahöfða 3
Túnþökuþjónustan ehf sími: 897 6651, Reykási 43
Töskuviðgerðir, Ármúla 34
V.R., Kringlunni 7
Verðbréfaskráning Íslands hf, Laugavegi 182
Verkfræðistofan Afl og Orka ehf, Hraunbergi 4
Vélafang ehf, Gylfaflöt 32
Vélaverkstæðið Kistufell ehf, Tangarhöfða 13
VSÓ Ráðgjöf ehf, Borgartúni 20
Zeus ehf - heildverslun Sía, Laugavegi 86-94
Þórtak ehf, Brúnastöðum 73

Seltjarnarnes

Seltjarnarnesbær, Austurströnd 2

Vogar

Grein ehf, Litlabæ, Vatnsleysuströnd

Kópavogur

ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18
Bílaþvottastöðin Löður ehf, Bæjarlind 2
Byggðaþjónustan ehf, Auðbrekku 22
dk hugbúnaður ehf, Hlíðasmára 17
Eggja- og kjúklingabúið, Elliðahvammi, Vatnsenda
Ferðaþjónusta Þ.I.Þ. ehf, Álfaheiði 22
Gólfþjónusta Íslands ehf, Dalvegi 24
Gæðaflutningar ehf, Krossalind 19
Hvellur - G. Tómasson ehf, Smiðjuvegi 30
Íslandsspil sf, Smiðjuvegi 11a
Kambur ehf, Geirlandi v/Suðurlandsveg
Smári Guðmundsson skrúðgarðyrkjumeistari, Þinghólsbraut 1
Tvö hjörtu ehf, Bæjarlind 3
Valdberg ehf, Smiðjuvegi 36
Valfoss ehf, Skemmuvegur 6
Verkfræðistofa Erlends Birgissonar ehf, Bæjalind 4
Þórir Gíslason Tannlæknir, Digranesvegi 18
Ömmubakstur ehf, Kársnesbraut 96

Garðabær

Engilbert ÓH Snorrason tannlæknastofa sf, Garðatorgi 3
Fagval ehf, Smiðsbúð 4
Geislatækni ehf Laser-þjónustan, Suðurhrauni 12c
Hurðaborg ehf, Sunnuflöt 45
Miklatorg hf, Kauptúni 4
Öryggisgirðingar ehf, Suðurhrauni 2

Hafnarfjörður

Alexander Ólafsson ehf, Grandatröð 2
Eiríkur og Einar Valur hf, Breiðvangi 4
Fura málmendurvinnslan ehf, Hringhellu 3
Hagtak hf, Fjarðargötu 13-15
Hvalur hf Hafnarfirði
Lerkiverktakar ehf, Skúlaskeiði 26
Nonni Gull, Strandgötu 37, Strandgötu 37
Pípulagnir Einars ehf, Berjavöllum 2
Rafrún ehf, Gjótuhrauni 8
Raftaki ehf, Efstuhlíð 4
Suðulist-Reisir ehf, Lónsbraut 2
Trésmiðjan okkar ehf, Lyngbergi 19a
Verkalýðsfélagið Hlíf, Reykjavíkurvegi 64

Reykjanesbær

Bókasafn Reykjanesbæjar
Fjölskyldu- og félagsþjónusta Reykjanesbæjar, Hafnargötu 57
Hitaveita Suðurnesja, Brekkustíg 36
Húsanes ehf, byggingarverktakar, Hafnargötu 20
Lyfta innflutningsverslun ehf, Njarðarbraut 3
Renniverkstæði Jens Tómassonar, Fitjabakka 1c
Reykjanesbær, Tjarnargötu 12
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, Iðavöllum 12
Slakki ehf, Stekkjargötu 51
Toyota, Reykjanesbæ, Njarðarbraut 19
Verslunarmannafélag Suðurnesja, Vatnsnesvegi 14

Grindavík

Hópsnes ehf, Verbraut 3
Útgerðarfélagið Einhamar ehf, Verbraut 3a
Þorbjörn hf, Hafnargötu 12

Sandgerði

Fiskmarkaður Suðurnesja hf, Hafnargötu 8
Sandgerðisbær, Miðnestorgi 3

Garður

Sveitarfélagið Garður, Sunnubraut 4

Mosfellsbær

Byggingarfélagið Baula ehf, Arkarholti 19
Glertækni ehf, Völuteigi 21
Ingimundur Magnússon ehf, Breiðafit
Kjósahreppur www.kjos.is
Mottó-Magn ehf, Flugumýri 24
Nýja bílasmiðjan hf, Flugumýri 20
Reykjalundur - plastiðnaður ehf, Reykjalundi

Akranes

Grunnskólinn, Espigrund 1

Félagar í Rósaklúbbnum að störfum á Jónsmessu 2007.

Það er oft margt um manninn í Gróðrarstöðinni Þöll hjá Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar.

Öflugt starf hjá Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar

Á liðnu ári var starfsemi Skógræktarfélags Hafnarfjarðar mjög blómleg. Hefðbundið starf átti sér stað ásamt rekstri gróðrastöðvarinnar Þallar sem hefur vaxið mjög undanfarin ár. Starfsmenn og sumarfólk lagði ríka áherslu á að breikka og endurbyggja stíga í skógarreitum og kringum Hvaleyrarvatn. Gamlar girðingar í Stóra-Skógarhvammi voru teknar niður og skógurinn opnaður almenningi við hátíðlega athöfn. Þrátt fyrir mikla þurrka fyrri hluta sumars voru 60.000 plöntur gróðursettar víðsvegar um ræktunarsvæði félagsins. Félagsmönnum fjölgaði nokkuð en þeir eru nú um 700 talsins.

Starfsemi þessa árs er komin af stað og lofar góðu. Aðalfundur félagsins verður haldinn 26. mars í Hafnarborg. Auk vanabundinna aðalfundarstarfa flytur Þorbergur Hjalti Jónsson erindi sem nefnist Arðsemi skógar til yndisnota. Annars hefst árið jafnan á því að starfsmenn félagsins flokka fræ og undirbúa græðlinga til frystingar, en þegar kemur fram á vor hefst gróðursetning og annað starf af krafti. Nokkrir hefðbundnir liðir verða á dagskránni fyrir almenning í sumar. Laugardaginn 3. maí verður útikennslustofa í Höfðaskógi tekin í notkun. Þar verður aðstaða til að láta leik- og grunnskólabörn spreyta sig í ýmsu sem tengist skógrækt. Rósaklúbbur Garðyrkjufélagsins gróðursetur ný afbrigði í Rósargarðinn í suðurhlíðum Húshöfða á Jónsmessu, en þar hefur klúbburinn verið að koma sér upp myndarlegum reit undanfarin ár.

Í tilefni af 100 ára kaupstaðar afmæli Hafnarfjarðar verða nokkrar gönguferðir á vegum félagsins í hverjum mánuði í sumar. Þær eru liður í að kynna bæjarbúum sem ekki þekkja til starfsemi félagsins þau skógarsvæði sem félagið hefur ræktað upp á undanförnum áratugum. Fyrsta gangan verður laugardaginn 31. maí þegar almenningi verður boðið að kynnast skóginum í Gráhelluhrauni. Þar eru elstu ræktunarsvæðin sem félagið tók í fóstur vorið 1947, hálfu ári eftir stofnun þess. Fimmtudagskvöldið 19. júní verður farið í Skólalund í Undirhlíðum þar sem Ingvar Gunnarsson kennari hóf ræktun um 1930 og eftir það tóku nemendur hans virkan þátt í gróðursetningunni. Fimmtudagskvöldið 3. júlí verður farið í Stóra-Skógarhvamm, sem er eitt besta geymda leyndarmálið í ræktunarsögu félagsins. Laugardaginn 19. júlí verður hinn vinsæli Skógar- og útvistardagur fjölskyldunnar haldinn við Höfða og Hvaleyrarvatn og 9. ágúst verður fuglaskoðun í Höfðaskógi, auk þess sem litið verður á vöxtinn í trjásýnilundi félagsins.

Samson B. Harðarson og Steinar Björgvinsson.

Opið hús í Öskju

Fræðsludagskrá Skógræktarfélags Íslands

Fyrsta Opna hús ársins 2008 var haldið þriðjudagskvöldið 11. mars í Öskju, Náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

Þar sögðu Brynjólfur Jónsson og Barbara Stanzeit frá hópferð til Sviss í máli og myndum, sem Skógræktarfélag Íslands stóð fyrir á síðasta ári. Ferðasagan var rakin og sagt frá skógum og áhugaverðum trjátegundum í fjallahéruðum Sviss. Undanfarin ár hefur Skógræktarfélagið staðið fyrir vinsælum kynnisferðum til annarra landa. Þetta hafa verið fjölsóttar ferðir, þar sem leið ferðalanga hefur oft legið um óhefðbundnar slóðir. Þessar ferðir njóta jafnan mikillar hylli og fela í sér mikla náttúruskoðun og góða leiðsögn staðkunnugra.

Næsta Opna hús verður að kvöldi 8. apríl og þegar Rannveig Einarsdóttir fjallar um Ferð um regnskóga Suður Ameríku og Galapagos. Síðan verður Opið hús 6. maí þegar Einar Þorleifsson fjallar um Garðfuglana. Opnu húsin hefjast kl. 19:30 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands, stofu 132.

Opið hús er hluti af fræðslusamstarfi Skógræktarfélags Íslands og Kaupþings og næsta kvöld verður kynnt á heimasíður Skógræktarfélags Íslands skog.is þegar þar að kemur.

Tugir slíkra bíla á klukkutíma vinna í gríð og erg við að kviksetja þjóðargjöfina á Hólmsheiði.

Austurheiði, athafnasvæði Reykjavíkurborgar, við tvíburatanka 26. febrúar s.l. Af hverju erum við skógræktarmenn slíkar gungur að láta þetta yfir okkur ganga? Í Reykjavík, í Kópavogi í Hafnarfirði, í Reyðarfirði, svo nokkur þekkt dæmi séu nefnd. Hvaða skilaboð eru sveitarfélögin sem bera ábyrgð á menntun barna okkar að senda til ungmenna og þeirra sem gróðursettu þennan skóg? Eru þetta kannski grænn skref í Reykjavík?

Austurheiðar

Útþensla byggðar ógnar skógar- og vatnsv

Á höfuðborgarsvæðinu eru 6 sveitarfélög sem keppast við að nema ný byggingalönd og samkeppnin er hörð. Sum þessara sveitarfélaga eru landlítil en önnur hafa mikið landrými. Eins og fram kemur í greininni þá sést þeim ekki fyrir í hinni hröðu uppbyggingu sem nú á sér stað. Nú er svo komið að sum þessara sveitarfélaga sjá sér ekki annað fært en að ryðjast inn á skógræktar- og útivistarsvæði. Færa má fyrir því sterk rök að sameining þessara sveitarfélaga gæti bjargað mörgum nýmörkum og náttúruperlum frá glötun.

Ef hugmyndir Reykjavíkurborgar um uppbyggingu á austurheiðum ganga eftir stefnir í einhverja umfangsmestu skógareyðingu á Íslandi frá upphafi skógræktar. Að þessu tilefni er rétt að rifja upp sögu skógræktar á Hólms- og Reynisvatnsheiði.

Skógræktarfélag Reykjavíkur hf.[1] hóf skógrækt við Rauðavatn árið 1901. Núverandi Skógræktarfélag Reykjavíkur, sem stofnað var 1946, fékk Rauðavatnsstöðina í vöggugjöf.

Sömuleiðis var hinu nýstofnaða skógræktarfélagi falið að vinna að friðun Heiðmerkur, sem var formlega vígð sem friðland og skógræktarsvæði 1950 af þáverandi borgarstjóra, Gunnari Thoroddsen.

Svo virðist sem fallið hafi í gleymskunnar dá að árið 1975 hefst saga ræktunar á Hólmsheiði og fékk verkefnið í upphafi myndarlegan styrk af Þjóðargjöfinni[2], sem gefin var af íslensku þjóðinni í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar.

Þjóðarlundurinn sá er lifandi sönnun þess að Þjóðargjöfin fór ekki öll í súginn þrátt fyrir ábendingar hinna mætustu manna um að gjöfinni hafi verið hent í gin sauðkindarinnar. Nýverið komu í leitirnar gögn sem staðfesta að Þjóðargjöfin var einnig nýtt til friðunar og uppgræðslustarfs á Hólmsheiði. Í greinargerð þáverandi borgarverkfræðings Þórðar Þ. Þorbjarnarsonar kemur m.a. fram að:

Á fundi þ. 19. júní 1975 með borgarstjóra og landbúnaðarráðherra, ásamt Kristjáni Benediktssyni borgarfulltrúa, Jónasi Jónassyni, Hákoni Bjarnasyni, Sveini Runólfssyni og Hauki Jörundssyni gerði landbúnaðarráðherra að tillögu sinni eftirfarandi:

1. Að skógræktin legði til girðingarefni, plöntur o.fl. að upphæð 5.0 m.kr.
2. Að landgræðslan legði til áburð, fræ og annað efni að upphæð 5.0 m.kr.
3. Að landgræðslan legði til vinnulaun að upphæð 10.0 m.kr.
4. Að Reykjavíkurborg legði á móti þessum fjárhæðum 10.0 m.kr.

Síðar í skjalinu kemur fram að samkvæmt tillögu borgarverkfræðings var fjármununum ráðstafað eins og áður segir á Hólmsheiði en einnig til girðinga á löndum borgarinnar í Grafningi. Í fylgiskjali er einnig allítarleg starfsskýrsla umsjónaraðila, Gísla Kristjáns-

Nei þetta er ekki sovét á Brefsnevtímanun. Þetta er Ísland í dag!

Tvíburatankar og til hægri sléttaður hóll jarðvegslosunarstaðs og dysjunarhaugur margra limfagra eika. Lengst til hægri grillir í jarðvinnuvélar. Verður þessum skógi fórna? Steinsnar frá jarðvegslosunarstaðnum er grenndarsvæði Orkuveitu Reykjavíkur og þekkt sprungusvæði með grunnvatnsæðum sem renna að Gvendarbrunnum og er á vatnasviði Elliðavatns og þar með Elliðaáa. Þarna er ekki jarðvegur sem hentar til síunnar á menguðum jarðvegi. Samt sem áður var á síðastliðnu hausti ekið 25-40 þúsund rúmmetrum af menguðum jarðvegi frá jaðri Reykjavíkurflugvallar. Samkvæmt upplýsingum greinarhöfundar þá var ekki búið að efnagreina mengunina þegar þessi ákvörðun var tekin af borgaryfirvöldum, sem með þessu töldu sig spara um 350 milljónir króna.

Ef þessi skipulagstillaga verður að veruleika stefnir í einhverja mestu skógareyðileggingu sem átt hefur sér stað frá upphafi skógræktar. Hvernig dettur skipulagsyfirvöldum í hug að þörf sé fyrir innanlandsflugvöll uppi á heiði og ofan á útivistarskógi, þegar við blasir að verkefnið er að koma á háhraðatengingu við Keflavíkurflugvöll. Miðborg-Keflavík á 15 mínútum og tengiflug frá sama flugvelli væri mikil samgöngubót fyrir landsmenn. Flákar sem þessir á skipulagsuppdráttum virðast oft detta eins og af himnum ofan án þess að því sé nokkur gaumur gefin hvað fyrir er. Og það sem verra er að oft er eins og strik og flákar á blöðum skipulagsyfirvalda séu óumbreytanleg.

Reykjavíkur

verndarsvæðum – Eftir Einar Gunnarsson

sonar, um sumarstarf á Hólmsheiði á árinu 1975.

Eins og fram kemur í umræddum gögnum þá var land þarna illa farið vegna langvarandi ofbeitar.

Rétt um áratug síðar gerir Vilhjálmur Sigtryggsson, þá framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur, grein fyrir nýgerðri skipulagstillögu sem hann og Reynir Vilhjálmsson landslagsarkitekt unnu fyrir Reykjavíkurborg[3]. Þar segir m.a.: Uppblástur var nokkur á Hólmsheiði í mörg ár, en árið 1975 var gerð girðing á mörkum Reynisvatns og Hólms og hafin þar uppgræðsla. Unnið var í tvö ár með unglingum, sáð grasfræi, lúpínu og stungin niður rofabörð. Við þessar aðgerðir var uppblástur að mestu stöðvaður á suðurhluta svæðisins. Einnig kemur fram að eiginleg skógrækt hefst tæpum áratug síðar. Grein Vilhjálms ásamt greinum Þórðar Þ. Þorbjarnarsonar og Ásgeirs Svanbergssonar í Ársriti Skógræktarfélagsins 1986 eru skrifaðar í tilefni 40 ára afmælis Skógræktarfélags Reykjavíkur og veita góða innsýn í hvað vakti fyrir borgaryfirvöldum og Skógræktarfélagi Reykjavíkur með skógræktarstarfi á austurheiðum. Víst er að ekki var verið að græða upp land fyrir jarðvegslosunar-, iðnaðarsvæði eða flugvöll en í niðurlagi greinar Vilhjálms Sigtryggssonar segir: Aðalskipulag Reykjavíkur 1981-1998 gerir ráð fyrir byggingasvæði meðfram Suðurlandsvegi austan Rauðavatns, sem úthlutað verður til byggingar 1988-1993. Samþykkt þessa skipulags var mjög umdeild og var gerð breyting á framkvæmdaröð skipulagsins 11. júní 1982, þar sem framkvæmdum var frestað á svæðinu.... Svæði þetta er um 110 ha frá Rauðavatni að Geithálsi, takmarkast af Suðulandsvegi og Hólmsá að sunnan, hæðarhrygg við Rauðavatn að vestan, Hólmsheiði að norðan (ca 110 m hæð) og Geithálsi að austan.

Svo skemmtilega vill til að greinarhöfundur tók þátt í gróðursetningu á þessum slóðum í tilefni af ári trésins 1980. En þá var efnt til gróðursetningadags fyrir almenning víðsvegar um borgina. Var það í brekkunum við Suðurlandsveg, gegnt Rauðhólum, sem þá var í hugum höfuðborgarbúa lengst uppi á heiði. Er mér það sérstaklega minnisstætt fyrir þær sakir að þangað kom þáverandi borgarstjóri, Egill Skúli Ingibergsson, heilsaði okkur og sagði „ég er búinn að fara á alla gróðursetningastaðina og það er allstaðar fjölmenni nema hér. Því ákvað ég að koma hingað því hér er fámenni og hér kem ég því að mestu liði. Að svo mæltu tók hann til við gróðursetninguna og linnti ekki látunum fyrr en að afloknu dagsverki. Þetta er sagt hér til marks um þann einlæga stuðning borgaryfirvalda við skógrækt í upplandi borgarinnar en á ári trésins voru aðal gróðursetningarnar með þátttöku íbúanna í nágrenni Breiðholts- og Árbæjarhverfa.

Tíðindi af austurvígstöðvum

Nú þarf ekki að orðlengja það frekar að skógræktarstarf Skógræktarfélags Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar hefur skilað víðáttumiklum ungskógi, sem farinn er að gegna margþættri vistþjónustu.

Þessu til staðfestingar fylgja hér nokkrar myndir sem gefa þó aðeins smjörþefinn af því sem heiðin hefur að geyma. En einnig myndir sem sýna

Framh. á næstu síðu

Þar fór hluti lundarins sem Egil Skúli Ingibergsson, borgarstjóri, gróðursetti á ári trésins. Fjárborgirnar í fjarska

Á Grafarholti óx til skamms tíma skógur líkur þeim sem nú vex þar á heiðunum í kring. Þvert á fögur orð í greinargerð deiliskipulags um að þyrma ætti sem mestu af skóginum var svæðinu öllu umturnað. Jarðvöðlar mökuðu uppgreftri upp á bakka og flöttu síðan út yfir nágrenið. Niðurstaðan, kuldalegt og algerlega manngert umhverfi sem líklegt er til að fóstra upp félagsleg vandamál. Bíða svipuð örlög grenndarskóganna á austurheiðum?

Austurheiðar Reykjavíkur

svipmyndir af því eyðileggingarstarfi sem þar á sér stað.

Hitt er þó rannsóknarefni hvers vegna borgaryfirvöld í Reykjavík sýna ekki afrakstri erfiðis þúsunda ungmenna, sem unnu árum saman við uppgræðslu á Hólmsheiði, þá lágmarks tillitssemi að kynna sér hvar skógurinn er áður en flákar iðnaðar, jarðvegslosunar eða íbúðarsvæða eru lagðir yfir kort. Á hverjum degi ryðja jarðýtur jarðvegi, jafnvel olíumenguðum, yfir tré á Hólmsheiði eins og meðfylgjandi myndir sem voru teknar þann 26. febrúar s.l. sýna glöggt. Það er ekki auðvelt verk að koma upp skógi á austurheiðum. Á höfuðborgarsvæðinu er mikið landrými til hverskonar athafna ef litið er á landið sem heild. Því ætti að vera með öllu óþarft að velja iðnaðarsvæðum og ruslahaugum stað ofan á ungskógum og vatnsverndarsvæðum.

Hvað er til ráða?

Þeir sem láta skeytingarleysi sveitarfélaga og verktaka yfir sig ganga eru í raun búnir að fallast á að heimskan sé ósigrandi. Það er óneitanlega meiri reisn yfir því að skógræktarfólk sýni því mikla ræktunarstarfi sem unnið hefur verið á síðustu áratugum og öld þá virðingu að veita sveitarfélögum nauðsynlegt aðhald, því auðsýnt er að þau vita ekki betur, eða velja að snúa blinda auganu að skóginum þegar þeim svo hentar.

Einnig er ljóst að í skipulags- og byggingalögum, sem nú eru til endurskoðunar, er sveitarfélögum falið alltof víðtækt vald til ákvörðunar á eigin braski með lóðir og lönd. Þá er brýnt að ný skógarlöggjöf verði virk vernd gegn skógareyðingu. Skógræktarfélög og almenningur þurfa að láta til sín taka í þessum efnum, en ekki skella við skollaeyrum. Annars er hætt við að fleiri þjóðargjafir og gersemar verði skammsýnisgræðgi og böðulshætti að bráð.

Rétt er að benda á að fordæmi eru fyrir allt öðrum og manneskjulegri nálgunum framkvæmdaaðila sem þurfa að raska skógræktarsvæðum. Þar má m.a. nefna Vegagerðina, Ofanflóðasjóð, Bectel sem haft hafa þann háttinn á að vinna með skógræktaraðila að því að lágmarka skemmdir, flytja tré og bæta fyrir það tjón sem var óhjákvæmilegt úr því að til framkvæmda kom. Þannig verklag ættu sveitarfélög og verktakar á þeirra vegum að tileinka sér í stað þess að skjóta fyrst og spyrja svo og ganga um byggingasvæði eins og herfylki í gamaldags skotgrafarhernaði. Það er mat greinarhöfundar að umgengni framkvæmdaaðila við land á byggingasvæðum hafi versnað stórum á síðastliðnum árum og sveitarfélög í örum vexti gangi þar fram af mikilli ósvífni. Úr þessu þarf að bæta. Með starfi Skógræktarfélags Reykjavíkur á upplandi borgarinnar hefur verið eftirlit af hálfu Orkuveitunnar (áður Vatnsveitu) og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur. Fylgst hefur verið með að vélar og bílar lækju ekki olíu og hömlur hafa verið á áburðarnotkun stígagerð og gróðursetningu. Skógræktarfélagið og Orkuveitan hafa frá upphafi tamið sér nærgætni í umgengni við landið og því ekki nema sjálfsagt og eðlilegt að sömu kröfur séu gerðar til annarra framkvæmdaaðila.

Á Hólmsheiði. Til vinstri sést vestur yfir sundin en til hægri norður til Esju.

Horft til norðurs af Hólmsheiði

[1] Oft kallað Skógræktarfélag Reykjavíkur hið fyrra. Stofnað 1901, en eftir 1914 fellur starfsemi þess að mestu niður. Einar G.E Sæmundsen; Rauðavatnsstöðin. Ársrit Skógræktarfélags Íslands 1956.

[2] Um þá gjöf hefur ýmislegt verið skrifað: „Eru menn kannski búnir að gleyma því, þegar einhuga þingheimur færði sauðkindinni einn milljarð króna að gjöf á 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar 1974?“. Þorvaldur Gylfason, Bankar og stjórnmál, Fréttablaðið, 19. febrúar 2004. Og Ágúst H. Bjarnason spyr í Morgunblaðinu, 13. ágúst. 1994, Hvað varð um þjóðargjöfina? Þeirri spurningu svaraði hann sjálfur: „Með sanni má því segja, að þjóðargjöfinni hafi verið hent út um glugga á flugvél“.

[3] Tillaga að skipulagi á umferð og ræktun í Hólmsheiði. Vilhjálmur Sigtryggsson. Ársrit Skógræktarfélags Íslands 1986.

Einar Gunnarsson,
skógfræðingur.

Eftirtaldir aðilar hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

GT Tækni ehf, Grundartanga
Pípulagningaþjónustan ehf, Kalmansvöllum 4a
Skógræktarfélag Akraness, Furugrund 28

Borgarnes
Borgarbyggð, Borgarbraut 14
Ferðaþjónustan Húsafelli ehf, Húsafelli 3
Landbúnaðarháskóli Íslands, Hvanneyri
Margrét Guðjónsdóttir, Dalsmynni
Skorradalshreppur, Grund

Stykkishólmur
Dekk og smur ehf, Nesvegi 5
Málflutningsstofa Snæfellsness ehf, Aðalgötu 2

Ólafsvík
Útgerðarfélagið Guðmundur ehf, Brautarholti 18

Hellissandur
Kristinn SH-112, Háarifi 53
Skógræktar og landverndarfélag undir Jökli
Vélsmiðja Árna Jóns ehf, Smiðjugötu 6

Reykhólahreppur
Glæðir, áburður, Hellisbraut 18
Reykhólahreppur, Maríutröð 5a

Ísafjörður
Bílaverið ehf, Sindragötu 14
Ferðaþjónustan í Heydal, Mjóafjörður
Hamraborg ehf, Hafnarstræti 7
Kjölur ehf, Urðarvegi 37
Orkubú Vestfjarða hf, Stakkanesi 1
Skógræktarfélag Ísafjarðar, Seljalandsvegi 38

Hnífsdalur
Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf, Hnífsdalsbryggju

Bolungarvík
Bókasafn Bolungarvíkur, Höfðastíg 3
Náttúrustofa Vestfjarða, Aðalstræti 21
Sparisjóður Bolungarvíkur, Aðalstræti 14

Súðavík
Súðavíkurhreppur, Grundarstræti 3

Patreksfjörður
Oddi hf, fiskverkun, Eyrargötu 1
Skógræktarfélag Patreksfjarðar, Sigtúni 7

Tálknafjörður
Bjarmi BA 326

Hólmavík
Skógræktarfélag Strandasýslu, Svanshóli

Hvammstangi
Skjanni ehf, Hafnarbraut 3
Stýrihópur um forvarnir Húnaþing vestra, Hvammstangabraut 5

Blönduós
Blönduósbær, Hnjúkabyggð 33
Grettir sf, fjölritunarstofa, Þverbraut 1

Skagaströnd
Sveitarfélagið Skagaströnd, Túnbraut 1-3

Sauðárkrókur
Byggðastofnun, Ártorgi 1
K-Tak ehf, Borgartúni 1
Skagafjarðarveitur ehf, Borgarteigi 15

Varmahlíð
Akrahreppur Skagafirði
Álftagerðisbræður ehf, Álftagerði
Skógræktarfélag Skagfirðinga, Marbæli

Siglufjörður
Jóhannes Egilsson, Lækjargötu 13
Skógræktarfélag Siglufjarðar, Hafnartún 2

Akureyri
Eyjafjarðarsveit, Syðra-Laugalandi
Gerði eggjabú ehf, Þórsmörk
Girðir ehf, Lónsbakka
Höldur - Bílaleiga Akureyrar, Tryggvabraut 12
Kjarnafæði hf, Fjölnisgötu 1b
Raftákn ehf, Glerárgötu 34
Sella tannlæknar, Hófsbót 4
Tannlæknastofa Árna Páls Halldórssonar, Mýrarvegi
Virkni ehf, Lyngholti 28
Ösp sf, trésmiðja, Furulundi 15f

Dalvík
Dalvíkurbyggð, Ráðhúsinu v/ Garðabraut

Ólafsfjörður
Árni Helgason ehf, Hlíðarvegi 54

Húsavík
Alli og Helga ehf, Baughóli 56

Mývatn
Eldá ehf, Helluhrauni 15

Þórshöfn
Langanesbyggð v/Nausts, Fjarðarvegi 3

Bakkafjörður
Hraungerði ehf, Hraunstíg 1a

Vopnafjörður
Bókasafn Vopnafjarðar, Lónabraut 12
Vopnafjarðarhreppur, Hamrahlíð 15

Egilsstaðir
Fljótsdalshérað, Lyngási 12
Héraðs- og Austurlandsskógar, Miðvangi 2
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf, Einhleypingi 1
Hraðbúð ESSO www.khb.is, Kaupvangi 6
Skógar ehf, Dynskógum 4
Verkfræðistofa Austurlands ehf, Kaupvangi 5

Seyðisfjörður
Seyðisfjarðarkaupstaður, Hafnargötu 44

Reyðarfjörður
Sjávarborg ehf, Heiðarvegur 23c

Eskifjörður
Skógræktarfélag Eskifjarðar, Lambeyrarbraut 6

Neskaupstaður
AFL - Starfsgreinafélag Austurlands, Miðvangi 2-4
Síldarvinnslan hf, útgerð, Hafnarbraut 6
Tónspil ehf, Urðarteigi 37A

Breiðdalsvík
Jóhanna Sigurðardóttir, Ásvegi 19

Djúpivogur
Kvennasmiðjan ehf.

Höfn í Hornafirði
Bókhaldsstofan ehf, Krosseyjarvegi 17
Hornabrauð ehf, Dalbraut 10
Skinney - Þinganes hf, Krossey
Þrastarhóll ehf, Kirkjubraut 10
Öræfum
Félagsbúið Hnappavöllum 4, Hnappavöllum 4

Selfoss
Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf, Hrísmýri 3
Búnaðarfélag Biskupstungna, Dalbraut 1
Búnaðarfélag Grafningshrepps, Villingavatni
Búnaðarsamband Suðurlands, Austurvegi 1
Grímsneshreppur og Grafnings-hreppur, Stjórnsýsluhúsinu Borg
Jötunn vélar ehf, Austurvegi 69
Selós ehf, Eyravegi 51
Set ehf, röraverksmiðja, Eyravegi 41
Skeiðahreppur og Gnúpverjahreppur, Árnesi
Skógræktarfélag Árnesinga, Sigtúni 9
Sog-veitingar ehf, Þrastarlundi
Sunnlenska fréttablaðið, Austurvegur 22
Vélaverkstæði Þóris ehf, Austurvegi 69

Hveragerði
Eldhestar ehf, Völlum
Garðyrkjustöð Ingibjargar, Heiðmörk 38
Heilsustofnun NLFÍ Hveragerði www.hnlfi.is, Grænumörk 10
Litla kaffistofan, Svínahrauni

Þorlákshöfn
Jarðefnaiðnaður ehf, Nesbraut 1

Hvolsvöllur
Búaðföng, Stórólfsvelli
Steinasteinn ehf, Ormsvöllum 1

Kirkjubæjarklaustur
Búval ehf - Kirkjubæjarklaustur, Iðjuvöllum 3
Ferðaþjónustan Hunkubökkum ehf, Hunkubökkum
Kirkjubæjarskóli, Klausturvegi 4
Mörk,skógræktarfélag, Klausturvegi 2
Skógræktarfélagið Mörk, Prestbakkakoti
Tjaldstæðið Kirkjubæ 2, Vestur Skaftafellssýslu

Vestmannaeyjar
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Vinnslustöðin hf, Hafnargötu 2

Vinsælt útivistarsvæði við jaðar Vatnajökulsþjóðgarðs

Undanfarin ár hefur Skógræktarfélag Austur-Skaftafellssýslu unnið markvisst að því að byggja skógræktarsvæðið í Haukafelli upp sem útivistarsvæði. Eftir að hafa merkt nokkrar gönguleiðir og komið upp yfirlitskorti á þjónustuhúsi svæðisins, voru sett upp nokkur fræðsluskilti við gönguleiðirnar. Skiltin fjalla um fugla, spendýr og sögulegar minjar á svæðinu. Við uppsetningu skiltanna voru notaðar undirstöður sem fyrir voru í landslaginu t.d steinar og tré. Síðastliðið haust voru hannaðir vegvísar til að setja á öll stígamót og leiða fólk að fræðsluskiltunum. Þessir vegvísar munu verða settir upp nú á vordögum. Unnið er að því að afla tilskilins starfsleyfis fyrir tjaldstæðið enda er aðstaðan þar orðin mjög góð.

Haukafell er nú vinsæll viðkomustaður ferðamanna og heimamönnum er almennt annt um skógræktarsvæðið í Haukafelli.

Fuglaskilti á tré.



Vegvísar.

Göngustígur sem mun tengjast kerfi Græna stígsins.– Mynd R.S.

Skilti á þjónustuhúsi

Græni stígurinn

Útivistarstígur ofan byggða

Græni trefillinn er samheiti á mörgum ræktunarsvæðum ofan byggða Reykjavíkur og nágrannasveitarfélaganna. Þessar skógarspildur eru misstórar og tengjast ekki nema að óverulegu leyti. Þær mynda slitrótt belti milli Kjalarness og Hafnarfjarðar sem nauðsynlegt er að þétta svo það myndi raunverulegan gróðurkraga um höfuðborgarsvæðið. Heiðmörk er stærsta samfellda ræktunarsvæðið innan Græna trefilsins en beggja vegna eru stakstæðar eldri skógarspildur og yngri ræktunarsvæði þar sem plantað hefur verið út miklu magni af fjölbreyttum trjágróðri.

Starfshópur á vegum Skógræktarfélags Íslands vann árið 2006 greinargóða skýrslu um stöðu mála og framtíðaráform um nýtingu Græna trefilsins. Þar kom m.a. fram að nauðsynlegt er að tengja skógarreitina saman með áframhaldandi ræktun og heildstæðu stígakerfi til að almenningur eigi greiðari leið um upplandið. Þegar skýrslan var kynnt fyrir fulltrúum í Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í byrjun árs 2007 var almennt tekið vel í þær hugmyndir sem þar voru tíundaðar. Til að þoka hlutum áfram hefur Þráinn Hauksson landslags arkitekt verið fenginn til að vinna að frekari framgangi málsins. Hann mun á næstu mánuðum funda með fulltrúum sveitarfélaganna ásamt lykilfólki úr skógræktarfélögunum og kanna hvernig nýta megi núverandi stíga og tengja svæðin saman. Ætlunin er að ljúka grunnvinnunni næsta haust. Eftir það verða lagðar fram tillögur að heildstæðum útivistarstíg ofan byggða sem mun tengja saman skógarsvæðin í Hafnarfirði, Garðabæ, Kópavogi, Reykjavík, Mosfellsbæ og Kjalarnesi.

Myndin sýnir slóð rjúpunnar í vetrarsnjónum í Heiðmörk í febrúar sl. - Mynd B.J.

Spor í snjó

Í vetur hefur Laufblöðungur iðulega rekist á rjúpnaspor í Heiðmörk. Eftirtektarvert er hve rjúpan heldur sig mikið í skóginum. Myndin sýnir að atferlið er engum tilviljunum háð. Þegar mikil lausamjöll hefur fallið og erfitt er yfirferðar nýtir rjúpan orkuforðann eins og hægt er.

Hún kemur úr skjólinu út á opin svæði og tekur til kostanna gulvíði teinunga sem þar er að finna. Kjagar á milli brúska og klippir hvert brumið á fætur öðru og heldur svo sömu leið til baka inn í skóginn þar sem hún á öruggt skjól.

Eiga skógar að veita skíðafólki skjól?

Þrátt fyrir að yfirstandandi vetur hafi verið skíðafólki nokkuð hagstæður hefur varla verið hægt að stunda þessa vetraríþrótt að neinu gagni suðvestanlands undanfarin ár. Vestfirðingar, norðlendingar og austfirðingar hafa einnig lent í hremmingum síðustu árin vegna umhleypinga og snjóleysis á ótrúlegustu tímum vetrarins. Þetta hefur komið niður á æfingum skíðafólks sem hefur í æ ríkara mæli þurft að fara í æfingaferðir til útlanda.

Þeir sem hafa stundað skíði í útlöndum þekkja hvernig skíðabrekkurnar liggja um skógi vaxnar fjallshlíðar og hæðarhryggi. Trén veita skjól, skapa einstaka umgjörð og mynda jafnvel skugga þar sem sólin nær ekki að bræða snjóinn þótt hún skíni annars glatt. Furur og greintré eiga stóran þátt í að snjór skefur á réttum stöðum í skíðabrekkurnar en fýkur ekki út í buskann eins algengt er hér á landi. Þéttvaxinn trjágróður fangar snjóinn en hér á landi hafa menn reynt að setja upp snjógrindur á skíðasvæðum sem eiga að hafa samskonar áhrif. Þetta virkar misvel því snjórinn á það til að fjúka af hæðartoppum og ruddum skíðabrautum þar sem fyrirstaðan er lítil eða engin. Skíðabrekkurnar okkar líða fyrir það hversu landið er berangurslegt og gróðursnautt. Ruddar skíðabrautir eru yfirleitt grýttar og ef undirlagið er ekki nægjanlega mikið standa grjótnybbur upp úr snjónum sem eyðileggja skíði og snjóbretti. Þetta vandamál hefur valdið skíðafólki hugarangri undanfarna vetur því það hefur einfaldlega ekki snjóað nógu mikið og mesta vinnan farið í að flytja til snjó á rétta staði. Það litla sem safnast í skafla er yfirleitt á röngum stöðum því snjórinn á það til að fjúka af skíðabrautum áður en hægt er að troða þær og undirbúa brekkurnar nægjanlega vel. Það hefur líka verið erfiðleikum bundið að koma upp snjóbyssum til að framleiða gervisnjó í Bláfjöllum þar sem ekki er nægjanlegt vatn fyrir hendi. Snjóframleiðslan hefur að vísu heppnast ágætlega í Hlíðarfjalli en það má reikna með að árangurinn væri betri ef gróskumiklum skjólbeltum væri til að dreifa. Svo má ekki gleyma því að víðast hvar erlendis eru helstu skíðabrautirnar grasi grónar en ekki grýttir melar eins og algengast er hér á landi.

Það er full ástæða til að hugleiða hvort leiða eigi skógræktarfólk og skíðamenn saman með það í huga að bæta landgæði og skapa skjólsælli skíðabrekkur eins og tíðkast annarsstaðar. Flest skíðasvæðin eru utan hefðbundinna ræktunarsvæða en dæmin sanna að það er hægt að rækta tré á mun fleiri landsvæðum en áður var talið.

Síðustu forvöð að komast í ferð til Kamtsjatka

Nú eru eftir um 20 laus sæti í ævintýraferð Skógræktarfélags Íslands sem farin verður til Kamtsjatka í Rússlandi en gert er ráð fyrir 80 manna hópi. Ákveðið er að halda í austurveg þann 12. september nk.og til baka 26. þess mánaðar. Flogið verður með Flugleiðum til Svíþjóðar en síðan með Aeroflot til Moskvu. Þar verður gist tvær nætur og síðan haldið til Kamtsjatka, sem er um 8 tíma flug austur Síberíu. Á skaganum verður höfuðborgin, Petropavlosk helsta bækistöð, en farið þaðan í ýmsar skoðunarferðir. Lengsta ferðin er norður eftir Kamtsjatka dalnum, allt norður að bænum Esso. Munum við gista fjórar nætur í litlum bæjum á leiðinni. Ekki þarf að taka fram að náttúrufegurð er einstök og ógleymanleg þeim sem þangað koma.

Pétur Óli Pétursson, sem mörgum er kunnur fyrir ferðir í Rússlandi verður leiðsögumaður, ásamt fleiri en auk náttúruskoðunar á Kamtsjatka verða heimsóttir helstu menningar- og sögustaðir í Moskvu, svo sem Kreml, Rauðatorgið, Basilkirkjan ofl. Þeir sem vilja nýta sér þetta einstaka tækifæri hafi samband við: Hrefnu í síma 551-8150 eða í tölvupósti **hrefna@skog.is**

Stjórnarmenn í skógræktarfélaginu ásamt Magnúsi Gunnarssyni formanni Skógræktarfélags Íslands.

Séð yfir svæði grunnskólans þar sem gróðursettar hafa verið Yrkjuplöntur. Kirkjufell í baksýn. – Myndir B.J.

Skógrækt í Grundarfirði

Undanfarin ár hefur skógræktarfélagið á Grundarfirði (Skógræktarfélag Eyrarsveitar) unnið að ræktun ofan núverandi íbúðarbyggðar en auk þess hafa á sömu slóðum verið gróðursettar trjáplöntur á vegum Yrkjuverkefnisins af skólakrökkum úr grunnskólanum. Trjágróður þessi er óðum að skila sér í hlýlegu umhverfi og auknu skjóli með hverju ári sem líður til mikillar prýði fyrir íbúa og samfélagið. Í fannfergi sl. janúar heimsóttu formaður og framkvæmdarstjóri Skógræktarfélags Íslands Grundarfjörð og áttu fund með forsvarsmönnum félagsins auk þess sem þeir sátu fund bæjarráðs Grundarfjarðar. Fyrirhugaðar eru miklar framkvæmdir í ræktunarmálum og hefur sveitarfélagið látið vinna metnaðarfullt skipulag en þar er horft til þess að rækta Grænan trefil sem skýlir og hlífir byggðinni og skapar ómetanlegt útivistarsvæði með tíð og tíma.

DUPONT

Typar ® jarðvegsdúkur

Hentar fyrir:

- Blómabeð
- Hellulagnir
- Göngustíga
- Sólpalla

- Hindrar vöxt illgresis
- Hemill á rótarvöxt
- Ræktun á lélegum jarðvegi
- Hindrar blöndun jarðvegs

Poulsen
partur af lífinu

Poulsen Skeifan 2 Sími: 530 5900 Fax: 530 5910
www.poulsen.is / poulsen@poulsen.is
VIÐ OPNUM KL:08:00.

Húsaviðhald!

Þak-
og
utanhússklæðningar
og allt
húsaviðhald

RVS ehf
Sími 892 8647

hreinsivélar

Hreinsivélar ehf er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu á vélum og tækjum. Markmið félagsins er að veita persónulega og góða þjónustu við þær vörur sem fyrirtækið selur og þjónustar. Hreinsivélar er umboðsaðili fyrir fjöldamörg umboð.

Kynntu þér þessi tæki á heimasíðu okkar eða hafðu samband við sölumenn okkar

www.hreinsivelar.is velar@hreinsivelar.is

Skútuvogi 6 - 104 Reykjavík - Sími : :567-9050

Ausa Task 50

Smábíllinn er hannaður og smíðaður til að þola og takast á við erfiðustu verkefni sem upp koma við leik og störf.
Grófar ósléttur og erfiðar aðstæður eru heimkynni Task 50.
Mótor: Diesel Kubota 26,5 hp
Burðargeta: 500kg
Breidd: 1500cm - Lengd: 2960cm

Ausa CR 5

Traktorsgrafan 4x4 er með 100hp John Dier mótor. Vélin er 8,1 tonn og með 1,1 m3 skóflu. Verðið er eitt það besta á landinu kr.5.690.000.án.vsk. kr.7.084.050.m.vsk

Ausa 250 4x4

2,5 tonna 4x4 lyftarinn er mest seldi lyftarinn í sínum flokki í heiminum í dag. Hentar vel við gámalosun, þar sem hann er gámagengur og við aðrar þröngar aðstæður t.d. á byggingarsvæðum



Eftirtaldir hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

Akureyri

ALCAN

Barri hf. Skógræktarstöð
Egilsstöðum og Tumastöðum í Fljótshlíð
- www.barri.is

Bakarameistarinn

UST
Umhverfisstofnun

FIT
FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA
www.fit.is

FJALLALAMB
KÖRÁSKERI

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

GÍSLI JÓNSSON
KÖRFUBÍLAÞJÓNUSTA OG LEIGA VINNUVÉLA
SÍMI 431-3480 - GSM 893-5536

KNH ehf.
Grænagerði
410 Ísafjörður

FLÚÐA SVEPPIR

RST Net

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

Samband garðyrkjubænda Reykjum

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Sveitarfélagið Ölfus
Garðyrkjustjóri
Hafnarbergi 1

SORPSTÖÐ SUÐURLANDS

Sumarbyggð hf.

Strúctor
byggingaþjónusta

VÉLALEIGA HB
AKUREYRI · SÍMI 892 5420

SPM www.spm.is

já
Upplýsingaveitur ehf.

BÚREKSTRARDEILD

TOYOTA
Akureyri

Netbankinn

LANDGRÆÐSLA RÍKISINS

LANDSLAG

NORÐURÁL
Century ALUMINUM

vélaleiga
897 7605

PRENTSMIÐJAN VIÐEY

Skógræktarfélag Reykjavíkur
Elliðavatni - 110 Reykjavík
564-1770 - 893-2655
www.skogrankt.is

Reynir Bakari

40 ára 1967-2007 Mógilsá

ORKUVEITA HÚSAVÍKUR

VEÐURSTOFA ÍSLANDS

Plastprent hf.
50
1967 - 2007

Skógræktarfélag Borgarfjarðar
310 Borgarnesi

PRICEWATERHOUSECOOPERS

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

10 11
...alltaf opið!
www.10-11.is

blómaval

heillandi heimur

Akureyri - Egilsstaðir - Selfoss - Keflavík
Grafarholt - Skútuvogur - Smáralind - Kringlan

...vorið er á næstu grösum